

Íþróttastarf fyrir börn og unglinga – Erum við á réttri leið?

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar heldur opinn fund þar sem fjallað verður um skipulag íþróttastarfs fyrir börn og unglinga. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 14. september kl. 17:00 – 18:30 í Golfskála GKG við Vífilsstaðaveg.

Í Garðabæ hefur verið lögð mikil áhersla á íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga enda sýna rannsóknir að sjálfsmynd ungra einstaklinga mótast að miklu leyti í gegnum þátttöku þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi. Hefur það m.a. verið gert með því að skapa heilsueflandi umhverfi, sem býður upp á fjölbætt framboð og góða aðstöðu til íþrótt- og tómstundastarfs. Einnig er boðið upp á hvatapeninga til að niðurgreiða æfingagjöld íþrótt- og tómstundastarfs fyrir börn og unglinga í Garðabæ á aldrinum 5-18 ára.

Á undanförunum árum hafa ýmsar breytingar átt sér stað í skipulagi á íþróttastarfi fyrir börn og unglinga, má þar m.a. nefna að æfingamagn í mörgum greinum hefur aukist, hópum er getuskipt fyrr og börn byrja fyrr að taka þátt í keppnishaldi.

Á fundinum verður rætt um skipulag íþróttastarfs fyrir börn og unglinga og leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða áhrif hefur skipulag æfinga á félagslega hegðun og líðan barnanna í daglegu lífi?
- Hvaða kosti eða ókosti hefur getuskipting varðandi íþróttalega færni og sköpunarmátt barna?
- Er markmiðum starfsins innan íþróttafélaganna náð til skemmri og lengri tíma lítið?

Fræðimenn frá HÍ og HR flytja 15 mín erindi og svara síðan fyrirspurnum. Umræður um málefnið verða í pallborði þar sem yfirþjálfarar frá íþróttafélögum í Garðabæ taka þátt ásamt frummælendum. Fundurinn er opinn öllum sem áhuga hafa á málefninu.

Dagskrá:

- Kári Jónsson íþróttafulltrúi Garðabæjar - „Þátttaka Garðbæinga í skipulögðu íþróttastarfi og nýting hvatapeninga“
- Sveinn Þorgeirsson íþróttfræðingur M.Sc. - „Er meira betra í þjálfun barna?“
- Vanda Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur í eineltismálum - „Hvernig líður þeim?“
- Viðar Halldórsson félagsfræðingur - „Afrestsuppeldi, fyrir hverja?“
- Pallborðsumræður

Umræðustjóri er Björg Fenger formaður íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

Íþrótt-, og tómstundaráð Garðabæjar